

Líffræðifélag Íslands - biologia.is
[Líffræðiráðstefnan 2023](#)

Ágangur fugla á ræktarlöndum -Brýnt að finna sáttaleið

Höfundar / Authors: Hafrún Gunnarsdóttir, Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee

Starfsvettvangur / Affiliations: 1. Náttúrustofa Vesturlands

Kynnir / Presenter: Hafrún Gunnarsdóttir

Sum villt dýr sækja í riflegt fæðuframboð á ræktuðu landi og geta í einhverjum tilfellum uppskeru og valdið fjárhagslegu tjóni. Slíkir hagsmunaárekstrar bænda og villtra dýra eru vaxandi vandamál nú þegar mannkynið tekur sífellt meira pláss á jörðinni og ágangur manna á náttúruleg svæði eykst. Hér á landi hefur umræða um tjón á ræktarlandi af völdum villtra dýra einkum snúist um ágang fugla, þá sérstaklega álfta og gæsa. Sambandið milli stofnstærða eða svæðisbundins fjölda fugla og umfang tjóns á ræktarlandi er ekki endilega línulegt og hefur reynst flókið viðfangsefnið. Það hefur nær ekkert verið rannsakað hérlendis en mótast af mörgum ólíkum þáttum.

Brugðist hefur verið við þessum vanda með ólíkum leiðum víðs vegar í heiminum, sem hafa sumar hverjar skilað góðum árangri. Á veggspjaldinu eru þær teknar saman. Allar varnaraðgerðir ættu að byggjast á vistkerfisnálgun og taka mið af varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og dýravelferðarsjónarmiðum. Margar leiðir eru í boði sem ekki fela í sér bein dýradráp. Þá er forsenda aðgerða að árangur þeirra sé mældur í formi minna tjóns, en ekki í fjölda tjónvalda.

Þar sem á döfinni er stórauðin kornrækt hér á landi er brýnt að hefja strax samtal milli rannsakenda og ólíkra hagaðila og stórbæta þekkingu. Nauðsynlegt er að greina umfang vandans og prófa markvisst mismunandi aðferðir. Með aukinni þekkingu og samstarfi má vinna að sameiginlegu markmiði, sem er ekki að fækka fuglum heldur stíga við tjóni á áhrifaríkan hátt.